

Fylgiskjal 8

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Þegar börn með annað móðurmál en íslensku byrja í Vinaminni fer af stað mikilvæg þjálfun á íslensku máli með börnunum, skráning og athugun. (fer það eftir aldri barnanna t.d. fær eins árs gamalt barna sömu þjálfun og önnur börn sem eru að ná færni í máltöku).

Ef kemur í ljós að málskilningur barnanna á íslensku er mjög slakur er strax hafist handa við markvissa orðainnlögn. Börnin fá einstaklingsþjálfun ef þess er nokkur kostur, lesið er fyrir þau, bent á myndir og sagt hvað er á myndunum. Mikilvægt er að börn með annað móðurmál en íslensku séu „böðuð“ í íslensku máli í leikskólanum. Höfð skulu orð á hlutum og athöfnum og börnunum hjálpað að hafa samskipti á íslensku við önnur börn og starfsfólk og þeim leiðbeint í hinu daglega lífi í leikskólanum. Skráningar til að sjá styrkleika og veikleika í máli barnanna eru mikilvægar svo hægt sé að vinna markvisst með börnunum í að ná færni á íslensku máli. Ýmsar leiðir eru notaðar til að auðvelda börnunum að ná tökum á íslenskunni. Má þar nefna myndrænt dagskipulag, samskiptabækur sem fara heim með börnunum og kennarar og foreldrar skrifa hvað börnin hafa gert í skólanum og heima. Foreldrar geta rætt við börnin heima á sínu tungumáli um hvað þau gerðu í skólanum og kennarar ræða við börnin á íslensku hvað þau gerðu heima. Þannig tengist málið athöfnum barnsins dagsdaglega og það þjálfast í málskilningi og tjáningu.

Skimanir eins og EFI2, AEPS og TRAS eru góð hjálpartæki til að fylgjast með málþroska barnanna. *Lubbi finnur málbein* er skemmtileg og áhrifarík leið til að kenna börnum máhljóðin, sögur og söngvar Lubba eru einnig skemmtilegar og efla auðveldlega málþroska barna. Á næsta skólaári mun TMT (tákn með tali) verða lagt inn á öllum deildum skólans.

Sérkennslustjóri/leikskólastjóri sér til þess að börn sem fá greiddan stuðning fái þjálfun í íslensku daglega. Listar eru fylltir út og staða barnanna skráð. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börnin og unnið samkvæmt þeim.

Leikskólastjóri sér til þess í samráði við deildarstjóra að foreldrar sem tala ekki íslensku fái upplýsingar og ráðgjöf á sínu máli um börnin. Foreldrar barna með málþroskafrávik koma á samráðsfundi í leikskólanum með fagaðilum ÞB, túlk, leikskólastjóra og deildarstjóra eins oft og þarf hverju sinni. Stundum eru fundir haldnir með stuttu millibili, stundum líður lengri tími á milli samráða. Fer það eftir þörfum hvers máls hverju sinni. Í daglegum samskiptum við foreldra er stuðst við Google Translate, ensku, myndir, starfsmenn sem tala tungumál viðkomandi aðila og annað sem foreldrar hverju sinni vilja.